

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.).

Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-13. Allsherjar- og menntamálanefnd.

Umsagnaraðili:

Engilbert Sigurðsson,
prófessor í geðlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands,
forstöðumaður fræðasviðsins geðsjúkdómafræði við Læknadeild,
yfirlæknir almennrar móttökudeildar 32A við geðsvið Landspítala

Landsmenn vita nú betur en nokkru sinni fyrr að það er vandi að semja góð lög. Má það öðru fremur þakka linnulausri umræðu um hvort og hvernig eigi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins á kjörtímabilinu. Þótt almenn hegningarlög verði ekki lögð að jöfnu við sjálfa stjórnarskrána, verða þau að teljast meðal veigamestu lagabálka í hverju samfélagi sem kennir sig við lög, rétt og mannréttindi. Hér þarf hins vegar enga lögspekinga eða Feneyjarnefnd til að benda á hvernig megi búa betur um hnútana svo að þeir haldi. Er það miður. Þrátt fyrir að réttarfarsnefnd hafi lagt mikla vinnu í að endurskoða 70 ára gömul hegningarlög, virðast nefndarmenn hafa verið á spani og þeim láðst að leita samráðs um nokkrar afar þýðingarmiklar greinar í frumvarpinu. Frumvarpið er því meingallað og getur ekki orðið tækt til þinglegrar meðferðar fyrr en úr því hefur verið bætt með samráði við sérfræðinga á sviði geðlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og við geðsvið Landspítala.

Í hugsunina sem hlýtur að eiga að búa að baki slíku frumvarpi skortir t.a.m. þekkingu á skorti á árangri nauðungarinnlagna á geðdeildir, meðal annars í meðferð fiknivanda og persónuleikabresta svo sem siðblindu og barnagirndar.

Ég er sammála ítarlegri umsögn Páls Matthíassonar framkvæmdastjóra geðsviðs Landspítala, sem hefur áralanga reynslu af sérfræðistörfum við réttargeðdeildir í Bretlandi, að ágallar frumvarpsins lúti að þremur mikilvægum grunnstöðum: þekkingargrunni geðlæknisfræði, mannréttindum og verulegu vanmati á kostnaði.

Jafnframt kemur fram í frumvarpinu mikill þekkingarskortur á því á hvern hátt aðstæður eru frábrugðnar á geðdeildum hér á landi annars vegar og í Danmörku og Noregi hins vegar, en til laga þeirra landa munu sóttar ýmsar fyrirmyndir í tillögum réttarfarsnefndar að breytingum. Má líkja þessu við að lög um landbúnað eða landvarnir væru sniðin að fyrirmyndum þessara landa þrátt fyrir margvíslegan mismun á forsendum. Í Danmörku og Noregi eru margfalt (x2-4/íbúa) fleiri pláss á geðdeildum en hér á landi. Þar er nauðung beitt á geðdeildum með beltum og ólum, sem ekki hefur tíðkast á Íslandi í 80 ár eða frá 1933! Einnig skortir á að gerður sé greinarmunur á almennum geðdeildum og réttargeðdeildum. Vistun á hinum fyrrnefndu er á læknisfræðilegum forsendum, en á lagalegum vegna ósakhæfis á hinum síðarnefndu.

Hugmyndir um að vista sakhæfa borgara til refsivistar á geðdeildum sjúkrahúsa en ekki í fangelsum tel ég fráleitir. Heimildir til að dæma sakhæfa menn til ótímabundinnar dvalar á stofnun, eru fornesckjulegar og stangast á við þá meginreglu að dæmdum sakhæfum einstaklingum beri að vita tímalengd refsingar sinnar að gengnum dómi. Einnig er ljóst að meðan skortur er á geðlæknum hér á landi, líkt og í nágrannalöndum, munu þeir seint velja sér starfsvettvang sem þann sem yrði að skapa á nýjum réttargeðdeildum með ærnum tilkostnaði ef þetta frumvarp næði fram að ganga. Loks má nefna að 7. grein Hawaii yfirlýsingar geðlækna stangast mögulega á við tiltekin atriði frumvarpsins og kann að gera geðlæknum ókleift að starfa samkvæmt því¹.

¹ <http://www.codex.vr.se/texts/hawaii.html>